

## 171. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME miðvikudaginn 25. september 2024 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir Skúli Björn Gunnarsson, Sigrún Birna Björnsdóttir sem er á Teams, Stefán Bogi Sveinsson, Magnús Jónsson og Þorvaldur P. Hjarðar sem varamaður Þuríðar Lillýjar Sigurðardóttur. Einnig mættu áheyrnarfulltrúarnir Steinunn Snædal f.h. foreldra, Ríkey Elísdóttir f.h. nemenda og Katrín Högnadóttir f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 170. fundar undirrituð/samþykkt af hlutaðeigandi
2. Kosning formanns skólanefndar
3. Upphaf skólaársins
4. Starfsmannamál
5. Fjárhagsleg staða skólans
6. Félagslíf og skólabragur frá formanni NME
7. Önnur mál

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

### 1. Kosning formanns

Samkvæmt venju var formaður valinn á þessum fyrsta fundi haustsins. Stungið var upp á Skúla Birni Gunnarssyni og var það einróma samþykkt. Hann tekur við stjórn fundarins. Fundarmenn kynntu sig.

### 2. Upphaf skólaársins

Skólameistari fór yfir starfið í upphafi skólaársins. 195 dagskólanemendur komu til náms í upphafi annar, þar af 67 nýnemar. 80 nemendur eru á heimavist og allt gengur vel þar. Settur var kraftur aftur í fjarnámið og nú eru fjarnemendur á fjórða hundrað. Ákveðin umskipti urðu á starfsfólki. Magdalena sagði upp sem ræstitæknir og ráðið hefur verið fyrir hana. Raungreinakennari sem ráðinn var fyrir Eyrúnu áfangastjóra hætti seint í ágúst og varð þeim málum bjargað með því að kalla kennara úr fæðingarorlofi og stuðningsfulltrúi gekk í stærðfræðikennslu á starfsbraut. Ráðið hefur verið fyrir raungreinakennara frá og með 1. október. Námsráðgjafinn sagði upp frá og með 1. desember en að öllum líkindum hefur ráðning í hennar stað gengið upp. Þrír kennarar eru í veikindaleyfi, tveir þeirra á fyrri spönninni en sá þriðji alla önnina.

### 3. Starfsmannamál

Eyrún Arnadóttir tók við sem áfangastjóri 1. ágúst. Það gengur vel. Að öðru leyti er vísað er til liðar tvö í dagskránni.

### 4. Fjárhagsleg staða skólans

Ársreikningur 2023 er að verða tilbúinn. Vonandi verður hann tilbúinn á fundi í nóvember. Hagnaður var af árinu þannig að hallinn er að minnka, verður nú líklega um 65 milljónir. Fækkað var í starfsmannahópnum og er það hluti af skýringum fyrir hagnaði. Rætt er um hlutverk skólanefndar og farið yfir það.

### 5. Félagslíf og skólabragur frá formanni NME

Formaður NME sagði frá því sem er á döfnni í félagslífinu. Alltaf er nóg að gera þar. Haldinn er ME bolti 1x í viku og miðvikudagssamverur í hverri viku. Nýnemaball var haldið á lðavöllum og daginn áður var nýnemavígsla daginn áður. Allt gekk vel með örfáum undantekningum. Haldnir voru aðalfundir fyrir hverja nefnd. NME tók þátt í starfamesu í síðustu viku, þar sem þau kynntu félagslífið. Leikrit verður sett upp og byrjað að sýna í febrúar. Leikstjóri hefur verið ráðin. Komin eru plön fyrir fyrstu tónleika skólaársins. Þeir verða 8. nóvember og verða með íslenskt þema, þ.e. lög eftir íslenska artista. Vonir standa til þess að nemendur verði virkir í félagslífinu. Byrjað er að undirbúa fyrir Gettu betur og Morfis. Jóhann Hjalti mun vera þjálfari Gettu betur og er byrjaður þjálfun. 6. desember verður árshátíðin sem kallast 1. des. Ball er fyrirhugað 31. október í samstarfi með VA, sem verður með halloween þema. Verið er að skoða hvort Valaskjálfa fáiast fyrir ballið. Reynt er að hafa sem fjölbreyttast félagslíf þannig að sem breiðastur hópur finni við sitt hæfi. Búið er að gera plan fyrir skólaárið. Foreldra- og hollvinafélagið lagði 500.000 kr. í rafíþróttaaðbúnað, skjái ofl. Í kjölfarið er rætt um að virkja nemendur í klúbbastarfi og að fyrirhugað sé að nýta 6. blokkina til þess. Það verkefni er að fara í mótun bæði hjá kennurum og nemendafélaginu.

## 6. Önnur mál

- a) Sagt var frá að umferðar- og öryggismál hjá sveitarfélaginu. Verið er að kortleggja hvar þarf að bæta úr. Tölur sýna að flest slys verða hérna megin Fagradalsbrautar og upp á Eiðaveg. Beðið er um ábendingar
- b) Bent var á að í fundargerðarskrifum þarf að vera vakandi fyrir persónuverndarmálum.
- c) Spurt var um punkta frá nefndum. Þar er talað um hnattræna lýðheilsu. Umhverfisnefnd hefur unnið með það í grænfánaverkefninu.
- d) Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 20. nóvember.

*Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.15*

Skúli Björn Gunnarsson

Magnús Jónsson

---

---

Sigrún Birna Björnsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson

---

---

Þorvaldur P. Hjarðar

---

# Undirritunarsíða

Skúli Björn Gunnarsson

Stefán Bogi Sveinsson

Magnús Jónsson

Sigrún Birna Björnsdóttir

Þorvaldur P Hjarðar